**Bekkur: 6. bekkur**

**Námsgrein: Stærðfræði**

**Kennarar: Jón Hrafn Baldvinsson, Linda Björk Ólafsdóttir og Þórhildur Kristín Bachmann**

**Tímafjöldi: 5**

*Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð*

**Námsgögn:**
**Stika 2a nemendabók**
**Stika 2a æfingarhefti**
**Stika 2b nemendabók**
**Stika 2b æfingarhefti**
**Ýmislegt ítarefni m.a. af veraldarvef**

**Lykilhæfni:**
**Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Grunnskólans í Borgarnesi**

| | |
|---|---|
| **Námsmat** | • Kaflapróf.<br>• Reikningsbók.<br>• Vinnusemi<br>• Hópaverkefni.<br>• Einkunnir gefnar í bókstöfum A, B+, B, C+, C eða D. |
| | |

| Námsflokkar | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Að geta spurt og svarað með stærðfræði** | Að nemandi:<br>• geti spurt og tjáð sig munnlega og skriflega um ólíkar leiðir á lausnum stærðfræðiverkefna.<br>• hafi innsýn í hvers konar svara má vænta í ólíkum stærðfræðiverkefnum.<br>• geti leyst auðveldar stærðfræðiþrautir sem byggja á; innsæi, eigin túlkun og framsetningu byggða á fyrri reynslu og þekkingu.<br>• þjálfist í að setja fram, meðhöndla og túlka einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.<br>• geti sett fram óformleg og einföld formleg stærðfræðileg rök. | • Nemendur skrifa og sýna útreikninga til að geta kynnt lausnir fyrir öðrum. Þeir taka þátt í umræðum og útskýra aðferðir sínar við lausnum, bæði munnlega og skriflega. Jafnframt leysa þeir verkefni í hópum eða paravinnu. | • Nemendur vinna eftir einstaklingsmiðuðum áætlunum.<br>• Símat. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • geti skilið munnlegar og skriflegar röksemdir sem settar eru fram af öðrum. | | |
| **Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar** | Að nemandi:<br>• geti notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar og hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.<br>• geti notað bæði formlega og óformlega framsetningu á stærðfræði annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra, (d. 4+4+4+4+4+4 =6x4).<br>• geti túlkað og notað einföld stærðfræðitákn. Þar með talið breytur og einfaldar formúlur.<br>• geti sett sig inn í og tjáð sig bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna. | • Nemendur vinna fjölbreytt verkefni. Unnið verður með stærðfræðitákn og hlutbundin gögn notuð þegar við á. | • Leiðsagnarmat |
| **Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar** | Að nemandi:<br>• geti tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum.<br>• geti rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni.<br>• geti lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir.<br>• geti unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.<br>• Geti áttað sig á möguleikum og takmörkum stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum.<br>• geti undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.<br>• geti áttað sig á möguleikum og takmörkum stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum. | • Lögð áhersla á vönduð vinnubrögð þar sem útreikningar eru settir fram á skipulagðan hátt. | • Leiðsagnarmat<br>• Kaflapróf<br>• Reikningsbók |
| **Tölur og reikningur** | Að nemandi:<br>• geti notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman og reiknað.<br>• geti skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota og tugabrota.<br>• geti reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum, | • Reikniaðgerðir þjálfaðar með skriflegum útreikningi og hugarreikningi. Reikniaðgerðir eru tengdar við viðfangsefni | • Leiðsagnarmat<br>• Kaflapróf |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • geti leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni og skriflegum útreikningum.<br>• geti notað almenn brot, tugabrot við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.<br>• geti nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna. | sem koma m.a. úr daglegu lífi. | |
| **Algebra** | Að nemandi:<br>• geti rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum og orðum.<br>• geti notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í stæðum og jöfnum. | • Unnið með regluleika talnaruna, mynstur og myndir í stöðvavinnu | • Leiðsagnarmat |
| **Rúmfræði og mælingar** | Að nemandi:<br>• þjálfist í að nota hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði.<br>• geti rannsakað og greint tvívíð og þrívið form.<br>• geti teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir.<br>• geti notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum.<br>• geti áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða.<br>• geti rannsakað og gert tilraunir í rúmfræði með því að nota tölvur og hlutbundin gögn.<br>• geti notað hnitakerfi til að leysa rúmfræðileg verkefni.<br>• geti tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti. | • Nemendur læra að nota gráðuboga ásamt því að nota hlutbundin gögn við að læra mælieiningar. | • Leiðsagnarmat<br>• Símat |
| **Tölfræði og líkindi** | Að nemandi:<br>• geti gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim.<br>• geti safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum.<br>• geti lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum.<br>• geti dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur. | • Nemendur gera tölfræðirannsóknir, þjálfast í að vinna með gagnasöfn og myndrit | Kaflapróf<br>Leiðsagnarmat |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **<u>Lykilhæfni</u>**<br>**sjálfstæði og samvinna** | Nemandi geti:<br>• geti gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það.<br>• geti tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.<br>• geti gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína<br>• geti unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla. | • Nemendur fá endurgjöf tengt verkefnum og nota endurgjöfina til þess að vinna að markmiðum tengt námi.<br>• Samstarf og hópaverkefni. | • Metið í gegnum verkefnavinnu og hópastarf. Hópleikir. |
| **<u>Lykilhæfni</u>**<br>**ábyrgð og mat á eigin vinnu** | Nemandi geti:<br>• geti gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi<br>• geti sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim. | • Nemendur fá endurgjöf tengt verkefnum og nota endurgjöfina til þess að vinna að markmiðum tengt námi. | • Símat og endurgjöf í gegnum verkefnavinnu |
| **<u>Lykilhæfni</u>**<br>**skapandi og gagnrýnin hugsun** | Nemandi geti:<br>• geti áttað sig á mismunandi túlkunum og greint milli staðreynda og skoðana með rökum. | • Skoðað verður mismunandi dæmi og notað verður stærðfræðilega rökhugsun til þess að greina staðreyndir. | • Vinna í tímum og samræður tengt stærðfræðinni. |